



HVALFJARÐAR
SVEIT



FARSÆLD

Í HVALFJARÐARSVEIT

Hvað er farsæld barns?

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

- Snertir alla þjónustu við börn.
- Breytt nálgun þegar kemur að þjónustu við börn.
- Mikilvægt nýmæli:
 - Öll börn og foreldrar þeirra, sem á þurfa að halda, hafa rétt til aðgangs að tengilið farsældar sem getur aðstoðað þau við að fá viðeigandi þjónustu án hindrana, á öllum þjónustustigum.
- Öll þjónusta í þágu barna skilgreind og horft til þriggja þjónustustiga – 1., 2. og 3. stig.


Markmið farsældar

- Að samstarf vegna þjónustu við börn fari í skýrari farveg.
- Að öll börn, frá því þau eru í móðurkviði og fram til 18 ára aldurs, og foreldrar þeirra sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.
- Að veita börnum og foreldrum þjónustu þar sem fylgst er með velferð og farsæld allra barna, brugðist við þörf fyrir þjónustu og haft samráð á milli þjónustuveitenda til að veita góða þjónustu við hæfi.

Hvernig hefst samþætting þjónustu?

- Þjónustuveitendur sem verða þess áskynja að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti skulu veita foreldrum og/eða barni leiðbeiningar um samþættingu þjónustu. Einnig geta foreldrar eða barnið sjálft haft frumkvæði að því að óska eftir samþættingu.
- Óskað er eftir samþættingu á sérstöku eyðublaði hjá tengilið farsældar.

Tryggt skal að skilyrði persónuverndarlaga séu tryggð í allri vinnslu mála.



BARN FORELDRAR

- Barnið í forgang.
- Barn og foreldrar eiga rétt á þjónustu á öllum stigum óháð því hvort óskað er eftir samþættingu eða ekki.

Grunnþjónusta 1. stigs þjónusta

Grunnþjónusta er 1. stigs þjónusta. Hún er aðgengileg öllum börnum. Flest börn hafa einungis þörf á grunnþjónustu.

1. stigs þjónusta getur einnig verið einstaklingsbundinn snemmtækur stuðningur í samræmi við frummat á þörfum barns.

2. stigs þjónusta

Einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur í samræmi við faglegt mat og/eða frumgreiningu á þörfum barns.

3. stigs þjónusta

Einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns.

Tengiliður farsældar

- Er á öllum skólastigum þ.e. í leik- grunn- og framhaldsskóla og á heilsugæslu.
- Tengiliður farsældar veitir upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barna og samþættir þjónustu á 1. stigi.

Málstjóri farsældar

- Er aðili innan velferðarþjónustu sem samþættir þjónustu í þágu farsældar barna á 2. eða 3. stigi.
- Málstjóri stýrir stuðningsteymi.

Stuðningsteymi

- Í stuðningsteymi sitja þeir þjónustuveitendur sem geta stutt við velferð barns. Einnig foreldrar, málstjóri og aðrir sem við á.
- Málstjóri stýrir stuðningsteymi.
- Gerð er stuðningsáætlun fyrir barnið þar sem þjónusta sem er veitt í þágu farsældar barnsins er samþætt.

Stuðningsáætlun

- Er vegvísir um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns í takt við stuðningsþörf í daglegu lífi og skólastarfi á ákveðnu tímabili út frá fyrirbyggjandi mati og/eða greiningum.
- Í áætluninni er gerð grein fyrir stuðningsþörf og hvernig henni er mætt með aðlögun og stuðningi á öllum þjónustustigum.
- Hlutverk hvers þjónustuveitanda og annarra eftir atvikum er skilgreint, gildistími stuðningsáætlunar skráður og verklag stuðningsteymis við mat á verkþáttum og leiðum skilgreint.
- Stuðningsáætlun ber að endurmeta og endurnýja eftir því sem þörf krefur.
- Áður en barn verður 18 ára skal stuðningsteymi gera áætlun þar sem fjallað er um samþættingu þjónustu fyrir barnið eftir að það nær fullorðinsaldri.



Barn þarf meiri stuðning en grunnþjónustu.

Eitt af þessu:

- Þjónustuveitendur meta þörf og upplýsa foreldra um farsældarþjónustu.
- Tengiliður metur þörf og upplýsir foreldra um farsældarþjónustu.
- Málstjóri metur þörf og upplýsir foreldra um farsældarþjónustu.
- Foreldrar meta þörf og eru meðvitaðir um möguleikann á farsældarþjónustu.
- Barn finnur þörf og er leiðbeint að leita til tengiliðar sem upplýsir barn og foreldra um farsældarþjónustu.

Óskað er eftir viðtali við tengilið.

Í viðtalinu metur tengiliður í samráði við foreldra hvort þörf sé á samþættri þjónustu í þágu farsældar barna.

Metið að ekki sé þörf á samþættri farsældarþjónustu.

Metið að barn þurfi frekari stuðning á **1. stigi**. Beiðni um samþættingu þjónustu fyllt út.

Tengiliður heldur utan um og vinnur að máli barns á 1. stigi.




Metið að barn þurfi stuðning á **2. stigi**. Beiðni um samþættingu þjónustu fyllt út.

Málstjóri tekur við málinu og heldur utan um og vinnur að máli barns á 2. stigi

Barn og foreldrar fá áfram þá þjónustu sem er á 1. stigi, þjónusta á 2. stigi bætist við.

Myndað er stuðningsteymi og útbúin stuðningsáætlun.



Metið að barn þurfi stuðning á **3. stigi**. Beiðni um samþættingu þjónustu fyllt út.

Málstjóri tekur við málinu og heldur utan um og vinnur að máli barns á 3. stigiþ

Barn og foreldrar fá áfram þá þjónustu sem er á 1. og 2. stigi, þjónusta á 3. stigi bætist við.

Myndað er stuðningsteymi og útbúin stuðningsáætlun.

